

**Einar Jóhannesson** nam klarínettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Gunnari Egilson og í Royal College of Music í London, þar sem kennarar hans voru Bernard Walton og John McCaw. Þar vann hann til hinna virtu *Frederick Thurston* verðlauna. Árið 1976 vann Einar samkeppni um þátttöku í *Live Music Now* sem Sir Yehudi Menuhin stofnaði, og hlaut síðar *Sonning* verðlaunin fyrir unga norræna einleikara. Einar er einn þeirra klarínettuleikara sem fjallað er um í bókinni 'Clarinet Virtuosi of Today' eftir breska tónlistarfræðinginn Pamelu Weston. Hann er tíður gestur á tónlistarhátíðum og hefur leikið fyrir útvarps- og sjónvarpsstöðvar margra landa.

Einar hefur frumflutt fjölda verka, sem eru sérstaklega skrifuð fyrir hann, jafnt einleikskonserta, kammerverk og verk fyrir einleiksklarínettu. Einar hefur verið fyrsti klarínettuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 1980. Hann er stofnfélagi Blásarakvintetts Reykjavíkur sem hefur getið sér gott orð á alþjóðlegum vettvangi. Einar leikur einnig með Kammersveit Reykjavíkur og er félagi í miðaldasönghópnum Voces Thules.

**Alessandra Pompili** er fædd í Rómaborg og vakti snemma athygli fyrir óvenju skapandi hæfileika í píanóleik. Hún útskrifaðist með láði frá Casella Tónlistarháskólanum þar sem kennari hennar var tónskáldið og píanókennarinn Sergio Calligaris, og hélt síðan til frekara náms til Parísar og vann þar til verðlauna. Hún hefur komið fram sem einleikari á tónleikum og þekktum tónlistarhátíðum á Ítalíu, Englandi, Ungverjalandi og Bandaríkjunum og hlotið lof gagnrýnenda. Ítalskar rætur hennar hafa tengt hana við útvarpsstöð Vatíkansins í Róm sem hefur metnaðarfulla listræna dagskrá og evrópska útvarpskerfið EBU valdi einn þátta hennar til dreifingar um alla Evrópu.

Alessandra hefur sérstakan áhuga á að kynna tónlist samtímatónskálda og hefur vakið athygli fyrir flutning á verkum Sergio Calligaris og Alan Hovhaness. Auk þess hefur hún meistaraþrófgráðu í fornleifafræði og listum frá háskólum á Ítalíu og Englandi og hefur ásamt mörgu öðru sérhæft sig í að flytja tónlist með þátttöku myndlistar, t.d. í verkum eftir Franz Liszt.

*Einar Jóhannesson*  
*klarínetta*

*Alessandra Pompili*  
*píanó*



**Nino Rota** samdi sína fyrstu óratóríu *Æska heilags Jóhannesar skírara* aðeins 11 ára að aldri. Eftir hann liggur fjöldi ópera, ball-etta auk hljómsveitar- og kammerverka en frægð hans mun þó fyrst og fremst verða rakin til kvikmyndatónlistar hans, einkum í samvinnu við Fellini, sem dáði hann.

Klarínettusónata hans er full af suðrænu sólskini og melódískum samræðum milli hljóðfæranna þar sem píanóið reynir stundum að brydda upp á dýpri spurningum. Undirritaður veit ekki til að sónatan hafi verið flutt héraðs fyrir.

**Franz Liszt** dvaldi hjá tengdasyni sínum, Richard Wagner, í Feneyjum seinni hluta ársins 1882 og samdi þá píanóverkið *La lugubre gondola* (gondólinn drungalegi) sem menn telja fyrirboða andláts Wagners. Tónskáldið breytti verkinu í janúar 1893 og er sú gerð flutt hér í kvöld. Í mars það ár lést Wagner og var fluttur með viðhöfn á gondól til Santa Lucia brautarstöðvarinnar.

**Porkell Sigurbjörnsson** samdi *Kveðju* síðastliðið haust í minningu Gunnars Egilson klarínettuleikara og birti sem minningargrein í Morgunblaðinu. Óvenjuleg og falleg kveðja.

Píanóverk **Sergio Calligaris** eru óþekkt hér og gaman að Alessandro skuli kynna fyrir okkur tónaveröld fyrrum kennara hennar á Ítalíu. Hann fæddist í Argentínu og hóf feril sinn sem píanóleikari aðeins 13 ára að aldri. Rúmlega þrítugur fluttist hann búferlum til Ítalíu og starfar þar sem kennari, píanisti og þó fyrst og fremst sem tónskáld. Hann hefur m.a. unnið náið með Vladimir Ashkenazy.

*Karnival í Feneyjum* er eitt þeirra laga sem allir þekkja og enginn veit hvaðan kemur. Fjöldi verka hefur verið saminn sem tilbrigði við þetta glaðlega og einfalda stef. Klarínettuleikarinn og tónskáldið **Paul Jean-jean** hafði skyldum að gegna í Parísarkonservatoríinu á sínum tíma, og var falið að semja fingurbrjóta fyrir útskriftarnemendur til að glíma við. Þessi hefur staðist tímans tönn.

EJ

## Ítalskur andblær

Nino Rota 1911–1979	<i>Sonata in Re</i> fyrir klarínettu og píanó Allegretto scorrevole Andante - quasi adagio Allegro scorrevole
Franz Liszt 1811–1886	<i>La lugubre gondola</i> fyrir píanó
Porkell Sigurbjörnsson f. 1938	<i>Kveðja</i> fyrir klarínettu
Sergio Calligaris f. 1941	<i>Studies no. 23 e 24</i> ópus 11 „Arpa e cantilena“ fyrir píanó frumflutningur á Íslandi
Sergio Calligaris	<i>Il Quaderno Pianistico di Renzo</i> ópus 7 fyrir píanó frumflutningur á Íslandi Preludio Valzer - vals Elegia - saknaðarljóð Barcarola - gondólasöngur Carillon - spiladós Acquario - skrautfiskaker Ritmico ed ostinato - taktfast og linnulaust Gavotte fantastica - furðuleg gavotta Notturmo - næturljóð Finale
Paul Jean-jean 1874–1928	<i>Karnival í Feneyjum</i> fyrir klarínettu og píanó